

Styrkir til þróunarstarfs skólaárið 2016-2017

Seinni úthlutun 2016-2017

- **Danska** Ósa Knútsdóttir og Björg Ólínudóttir dönskukennarar. Þróa nýjan áfanga, grunnáfanga í dönsku DANS1GR05 sem aðfaranám að DANS2MM05. Áhersla verður lögð á tileinkunn og beitingu orðaforða með fjölbreyttum verkefnum og að kenna þeim aðferðir til þess að öðlast leikni í að nýta kunnáttu sína á sem fjölbreyttasta hátt. Úthlutað 40 tímum.
- **Eðlisfræði** Jón Egill Unndórsson eðlisfræðikennari. Útbúa verkefnablöð í framhaldsáfanga í eðlisfræði um rafmagns- og bylgjufræði EÐLI2RB05. Verkefnablöðin mynda grunninn fyrir sjálfstæða vinnu nemenda í tímaverkefnum sem sett eru saman í vinnubók. Úthlutað 25 tímum.
- **Fatahönnun** Áslaug Leifsdóttir kennari í fatahönnun. Þróa byrjunaráfangann í fatahönnun FATA1FS05 t.d. með verkefnavinnu, vettvangsferðum, heimsókn frá gestafatahönnuði og sjálfsmati og leiðsagnarmati. Úthlutað 25 tímum.
- **Íslenska** Steinunn Egilsdóttir og Tinna Eiríksdóttir. Þróa verkefni og námsmat í áfanganum Höfuðverk íslenska bókmennta ÍSLE2HB05 til að auka virkni, áhuga og ábyrgð nemenda á námi sínu t.d. í gegnum vinnubókaskil og jafningjamat. Úthlutað 40 tímum.
- **Íslenska** Jóna G. Torfadóttir og Rannveig Hulda Ólafsdóttir íslenskukennarar. Þróa og útfæra áfangann Samtímabókmenntir ÍSLE3SB05 með áherslu á fjölbreytt verkefni og fjölbreytt námsmat t.d. vendinám, para- og hópverkefni, sjálfsmat og jafningjamat. Úthlutað 40 tímum.
- **Íslenska** Jóna G. Torfadóttir og Rannveig Hulda Ólafsdóttir íslenskukennarar. Þróa kennslu í tveimur nýjum áföngum lestur og ritun ÍSLE2LR05 og fornbókmenntir ÍSLE2FB05 í samræmi við hæfni-, þekkingar- og leiknimarkmið nýrrar námskrár. Innleiða leiðsagnarmat, sjálfs- og jafningjamat, þróa áfram speglaða kennslu og fjölbreytt verkefni t.d. skapandi verkefni skv. fjölgreindarkenningu Gardners. Úthlutað 40 tímum.
- **Listgreinar** Áslaug Leifsdóttir, Einar Rafn Þórhallsson og Guðrún Benedikta Elíasdóttir listgreinakennarar. Samstarfsverkefni listgreinakennara um að móta og þróa sameiginlega stefnu í listgreinum t.d. námsmati. Úthlutað 60 tímum.
- **Líffræði** Þóra Víkingsdóttir og Brynja Gunnlaugsdóttir líffræðikennarar. Þróa nýjan líffræðiáfanga Boðskipti lífvera LÍFF2BL05 m.a. með innleiðingu kennsluáðferða sem krefjast aukins sjálfstæðis nemenda, vendikennslu, rafræn próf og gagnvirkum verkefnum. Byggt verður á tveimur stefnum í kennslufræði þ.e. Building Learning Power og leiðsagnarmati. Úthlutað 50 tímum.
- **Myndlist og leirmótun** Guðrún Benedikta Elíasdóttir kennari í myndmennt og leirmótun. Endurskoða námsáætlanir í ljósi fenginnar reynslu af haust- og vetrarönn t.d. verkefnamagn og efnisnotkun, útbúa ný verkefni í anda sjálfbærni og nýta pappír betur. Úthlutað 25 tímum.
- **Raftónlist** Einar Rafn Þórhallsson. Þróun grunnáfanga í raftónlist RAFT1TT05. Áhersla á þróun verkefna sem þjálfar hæfni í því að fullklára eigin tónsmíðar með nýtingu jafningjamats, sjálfsmats og leiðsagnarmats. Stofna til samstarfs við söfn á tónlistarsviðinu. Úthlutað 25 tímum.

- **Saga** Brynhildur Einarsdóttir, Clarence Glad og Brynja Dís Valsdóttir sögukennarar. Þróa nýjan söguáfanga. Útbúa námslýsingu og verkefni í söguáfanga um fornöld og endurreisn SAGA2FE05. Úthlutað 50 tímum.
- **Saga** Brynhildur Einarsdóttir, Clarence Glad og Brynja Dís Valsdóttir sögukennarar. Þróa nýjan söguáfanga. Útbúa námslýsingu og verkefni í dýpkunaráfanga í sögu á félagsfræðabraut, félagsfræði – sögu námslínu um sögu 20. aldarinnar. SAGA2SA05. Úthlutað 50 tímum.
- **Stærðfræði** Ileana Manolescu stærðfræðikennari. Verkefnagerð fyrir verkefnabundið nám í tveimur nýjum stærðfræðiáföngum um vektora og rúmfræði STÆR3VR05 og um markgildi og diffrun STÆR3MD05. Úthlutað 40 tímum.

Fyrri úthlutun 2016-2017

- **Enska** Jóhann G. Thorarensen, Nína Rúna Ævarsdóttir Kvaran og Sólrún Helga Guðmundsdóttir enskukennarar. Útbúa þrjá 10 vikna námspakka fyrir áfangana Akademísk enska 1 ENSK2AE05 og Akademísk enska 2 ENSK3AE05 þar sem lögð er áhersla á ábyrgð nemenda á eigin námi og dregið úr beinum innlögnum eins og kostur er. Einnig að útbúa námspakka um sögu enskrar tungu með áherslu á tengsl þeirra þjóða sem áhrif hafa haft á tungumálið. Úthlutað 75 tímum.
- **Franska** Petrína Rós Karlsdóttir og Fanný Ingvarsdóttir frönskukennarar. Aðlögun á kennslu og námsefni í frönsku I FRAN1GR05 að nýju kerfi þar sem meiri áhersla verður lögð á virkni og vinnu nemenda í tímum og utan, hlustun, munnlegt tal, samvinnuverkefni og gagnvirkir efni á netinu. Úthlutað 30 tímum.
- **Hagfræði** Ólafur Þórisson hagfræðikennari. Útbúa hermíleik (simulation game) þar sem væri útbúið einhverskonar líkan að veruleika þar sem nemendur þurfa að setja sig í spor einhverra t.d. neytenda. Þetta gæti hentað sem námsefni í áfanganum Inngangur að þjóðhagfræði og rekstrarhagfræði HAGF1PR05. Úthlutað 14 tímum.
- **Íslenska** Sigurrós Erlingsdóttir og Tinna Eiríksdóttir íslenskukennarar. Útbúa verkefni fyrir áfangann Fornbókmenntir ÍSLE2FB05 sem stuðla að virkni og ábyrgð nemenda. Innleiða hugmyndir og aðferðir leiðsagnarmats og sjálf- og jafningjamats. Úthlutað 30 tímum.
- **Lýðræðisvitund og siðferði** Petrína Rós Karlsdóttir og Björg Ólínudóttir kennarar í lýðræðisvitund. Vinna við aðlögun áfangans að nýju heiti áfangans og nýju þriggja anna kerfi. Endurskrifa þarf tvo kafla sem fjalla um lýðræðisvitund og siðferði og vinna að breytingum með því að auka áherslu á hlustun, munnlegt, sjálfsnám, samvinnuverkefni og vettvangsferðir. Úthlutað 30 tímum.
- **Stærðfræði** Ileana Manolescu stærðfræðikennari. Útbúa verkefni fyrir verkefnabundið nám í áföngunum Fallagreining STÆR2FG05, Markgildi og diffrun STÆR3MD05 og Vektorar STÆR3VR05 sem kenndir eru á 2. námsári á náttúrufræðibraut. Úthlutað 45 tímum.

Hjördís Þorgeirsdóttir 16.2.2017